

Birtist á Pressan.is, 27. maí 2010.

Er fyrningarleiðin gjaldþrotaleið?

Jón Steinsson

Það segir sig sjálfst að fyrning aflahlutdeilda og endurúthlutun með uppboði kemur illa við núverandi eigendur útgerðarfyrirtækja sem hafa hingað til fengið þessi verðmæti úthlutað án endurgjalds. Með fyrningu væri framtíðararðinum af auðlindinni skipt milli núverandi handhafa aflahlutdeilda og þjóðarinnar. Hlutfallsleg fyrning um 5% á ári myndi skilja um 60% af framtíðararðinum eftir í höndum núverandi handhafa miðað við 8% ávöxtunarkröfu. Einungis um 40% myndi flytjast til ríkisins.

Á undanförnum árum hafa útgerðarfyrirtæki hlaðið á sig skuldum sem aldrei fyrr (veðsett kvótann). Efnahagsreikningar margra útgerðarfyrirtækja eru því ljót sjón í dag. Af þessum sökum munu mörg útgerðarfyrirtæki þurfa á fjárhagslegri endurskipulagningu að halda hvort sem til fyrningar kemur eða ei (þ.e. þau munu þurfa að leita nauðasamninga við kröfuhafa sína). Og jafnvel eins gjafmild útgáfa af fyrningu og 5% hlutfallsleg fyrning er myndi líklega eitthvað auka fjölda þeirra fyrirtækja sem þyrftu á slíkri fjárhagslegri endurskipulagningu að halda.

Hagsmunagæslumenn útgerðarinnar hafa lengi varað við hruni ef fyrningarleiðin er farin og talað um hana sem „gjaldþrotaleið“. Hér skortir á skilning þessara aðila á mismuninum á gjaldþroti annars vegar og greiðslustöðvun og nauðasamningum hins vegar. Frá sjónarhóli núverandi eigenda fyrirtækjanna er lítill munur á þessu tvennu. En frá sjónarhóli allra annarra sem eiga hagsmuna að gæta – sérstaklega starfsmanna þessara fyrirtækja og þess fólks sem býr í bæjarfélögunum sem fyrirtækin eru í – er regin munur á gjaldþroti annars vegar og greiðslustöðvun og nauðasamningum hins vegar.

Að fyrirtæki gangi í gegnum greiðslustöðvun og nauðasamninga þarf ekki að þýða að fyrirtækið hætti rekstri eða dragi úr starfsemi sinni. Ef framtíðarrekkstrargrundvöllur er góður þýðir slík einungis að tekið er til á efnahagsreikningi fyrirtækisins. Eigendur fyrirtækisins og að einhverju leyti kröfuhafar verða fyrir tapi. En slík fjárhagsleg endurskipulagning á hins vegar að geta átt sér stað án þess að hún hafi teljandi áhrif á starfsemi fyrirtækisins og án þess að almennir starfsmenn þess verði hennar varir.

Staða útgerðarinnar er ekki ósvipuð þeirri stöðu sem flugfélög í Bandaríkjunum koma sér í af og til. Þau verða fyrir áfalli (t.d. vegna eldgoss á Íslandi eða hryðjuverka í New York) og geta ekki lengur staðið undir þeim skuldum sem þau hafa á bókum sínum. Þá leita þau eftir greiðslustöðvun og gera nauðasamninga við kröfuhafa sína. Þetta ferli hefur engin áhrif á rekstur fyrirtækjanna. Þau halda áfram að fljúga eins og ekkert hafi í skorist. Það er vegna þess að framtíðarrekkstrargrundvöllur er fyrir hendi þrátt fyrir skellinn sem átt hefur sér stað.

Það sama er upp á teningnum varðandi útgerð á Íslandi. Það er áfram arðbært að stunda útgerð á Íslandi og þekkingin er öll hjá núverandi útgerðum. Það er því hagur allra að greiðslustöðvun og nauðasamningar gangi hratt fyrir sig og án þess að starfsemi fyrirtækjanna raskist.

Hvað þetta varðar er lykilatriði að uppboð á veiðiheimildum tryggir að verðið sem útgerðin þarf að greiða fyrir aflahlutdeildir ræðst af greiðslugetu útgerðarfyrirtækjanna sjálfra. Þetta tryggir að auðlindagjaldið verður hvorki „of hátt“ né „of lágt“ og tryggir þannig að rekstrargrundvöllur útgerðarfyrirtækja verður traustur í framtíð. Hræðsla við hrun og atvinnuleysi í þessu sambandi á því ekki við rök að styðjast.

Nánar er fjallað um þessar hugmyndir og aðrar sem við koma fyrningu aflahlutdeilda í tveimur umsögnum sem ég hef skrifað að beiðni Starfshóps um endurskoðun á fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar. Þessar umsagnir eru aðgengilegar hér að neðan:

[Umsögn um greinargerð Daða Más Kristóferssonar](#)

[Umsögn um greinargerð Háskólans á Akureyri](#)